

Fimmtudaginn 19. október 1989.

Nr. 155/1989. **Ákærvaldið**

gegn

Skúla Helga Skúlasyni.

Gagnaöflun.

Úrskurður Hæstaréttar

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson, Guðrún Erlendsdóttir, Hrafn Bragason og Þór Vilhjálmsson og Gunnar M. Guðmundsson, settur hæstaréttardómari.

Með ákæru, sem gefin var út 2. desember 1988, var höfðað opinbert mál gegn Skúla Helga Skúlasyni fyrir sakadómi Reykjavíkur fyrir nauðgun og stórfellda líkamsmeiðingu með því að hafa aðfaranótt 6. september 1988 ráðist á konuna K og þröngvað henni til samfara með hrottafengnu ofbeldi, „m.a. veitt henni svo þungt högg í kvið hennar, að af hlaust lífshættulegur áverki í kviðarholi, dreifð lífhimnubólga og rof eða gat á görn“. Í ákærinni eru brotin talin varða við 1. mgr. 194. gr. og 2. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940, sbr. 11. gr. laga nr. 20/1981. Krafist var refsingar, bóta og greiðslu sakarkostnaðar.

Dómur sakadóms var kveðinn upp 29. desember 1988 af Sverri Einarssyni sakadómarara. Var ákærði sekur fundinn af ákæruatriðunum og dæmdur á grundvelli þeirra lagaákvæða, sem fyrr eru tilgreind, til að sæta fangelsi í 4 ár og 6 mánuði að frá dregnum 14 dögum, er hann hafði setið í varðhaldi. Hafði þá verið tekið tillit til þess, að ákærði hafði fengið reynslulausn 23. janúar 1987, er hann átti eftir óafplánaða 405 daga fangelsisrefsingu vegna annarra brota. Ákærði var að auki dæmdur til greiðslu bóta og sakarkostnaðar.

Fyrir sakadómi lágu ýmis gögn, þar á meðal þessi læknisvottorð um K:

1. Vottorð Jóhannesar M. Gunnarssonar, sérfræðings í almennum skurðlækningum við Borgarspítalann í Reykjavík, dagsett 13. september 1988. Þar segir m.a.: ... Við skoðun við komu á Borgarspítalann að kvöldi hins 6.9. hefur hún öll einkenni um dreifða lífhimnubólgu. Ómskoðun af kvið sýnir merki um frían vökva í kviðarholi. Hún er illa haldin af verk. Tekin til aðgerðar þá þegar,

og kemur í ljós, að sjúklingur hefur hlotið rof eða fengið gat á görn. Greinilega er mar á görninni þar í námunda, og virðist sem um áverka sé að ræða ...“

2. Vottorð Jóhönnu Jónasdóttur, aðstoðarlæknis á kvennadeild Landspítalans, dagsett 16. september 1988. Segir þar, að K hafi komið á deildina 6. september s.á. „fyrir beiðni lækna slysadeildar Borgarspítalans til að fjarlægja tampon úr leggöngum sjúklings, sem ég og framkvæmdi“.

3. Vottorð Jóhönnu Jónasdóttur 26. september 1988, þar sem nánar er sagt frá afskiptum hennar af K 6. september.

4. Vottorð Árna Björnssonar, yfirlæknis á lýtalækningadeild Landspítalans, dagsett 19. desember 1988. Segir þar, að yfirlæknirinn hafi haft K til meðferðar um nokkurra ára skeið vegna bílslyss 1979. Hafi hún í slysinu hlotið fjölda áverka, sem nánar er lýst, þar á meðal er getið um áverka á kviðarholi.

Áður en dómur er lagður á mál þetta í Hæstarétti, ber skv. 1. t.l. 2. mgr. 75. gr. laga nr. 74/1974, um meðferð opinberra mála, nauðsyn til að afla læknisvottorða og síðan hugsanlega annarra gagna um:

1) hugsanlega ytri áverka á líkama áður nefndrar konu eftir mök ákærða við hana 6. september 1988,

2) líkur á því, að gat á görn, sem lýst er í vottorði Jóhannesar M. Gunnarssonar, hafi getað stafað af öðru en höggi á kvið konunnar, og komi þá fram, hvort fyrri meiðsli hennar eða samfarirnar sjálfar hafi getað haft þýðingu í því sambandi,

3) annað, sem framanskráð kann að gefa tilefni til.

Á l y k t a r o r ð:

Rétt er að afla gagna samkvæmt framanskráðu.
